

4. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt.

53
27. júní

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál útaf slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

54
27. júní

um

sölu á prestsmötu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötu eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin, þannig að 5% af verðhæð-

54 27. júní inni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali, eftir verðlagsskrárverði á smjöri, síðastliðin 10 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti $\frac{1}{10}$ hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabryjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.